



Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 1. desember 2020

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga nr. 80/2016 (aldursgreining). Þingskjal 233, 230. mál.

Virðingarfyllt,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 80/2016, með síðari breytingum (aldursgreining)

Barnaheill – Save the Children á Íslandi styðja við tillögu frumvarps þessa um aldursgreiningu á útlendingum sem sækja um alþjóðlega vernd en þó þannig að hún fari einungis fram í verulegum vafatílikum og þá með heildstæðu mati, sem taka skal mið af aðstæðum, frásögn viðkomandi og fyrirbyggjandi gögnum og upplýsingum.

Barnaheill telja, eins og flutningskona frumvarpsins, að aldursgreining umsækjanda eigi að heyra til algjörra undantekninga og að þær eigi einungis að koma til þegar verulegur vafi er um aldur viðkomandi og ef upplýst samþykki barns eða forsvarsmanneskju þess liggur fyrir. Sé uppi verulegur vafi um aldur skal notast við skjalaleit, faglegt mat eða aðkomu sérfræðinga, svo sem sálfræðinga eða félagsráðgjafa, til að greina aldur umsækjanda, áður en gripið er til þess að greina aldur barns með líkamsrannsókn.

Barnaheill taka undir þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð með frumvarpinu að aldursgreining með líkamsrannsókn sé óheppileg og of óáreiðanleg og ónákvæm til að byggja á, auk þess sem hún gengur eða getur gengið mjög nærri friðhelgi einkalífs viðkomandi umsækjanda, sbr. 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Þar að auki hefur aðferðafræði líkamsrannsókna verið harðlega gagnrýnd af sérfræðingum í læknávisindum vegna skorts á vísindalegum áreiðanleika sem talið er leiða til aukinnar hættu á ákvörðunum byggðum á geðþótta. Gæta skal þess að forsjáradili eða réttargæslumaður sé viðstaddur líkamsrannsóknina og að hún sé aðeins framkvæmd með upplýstu samþykki viðkomandi. Enn fremur skal þess gætt að vægasta úrræðið sé valið við líkamsrannsóknina og að viðkomandi fái ávallt tækifæri til þess að andmæla matinu. Æskilegast væri að sleppa alfarið líkamsrannsóknum.

Barnaheill taka sérstaklega undir að þegar umsækjandi um alþjóðlega vernd segist vera barn að aldri skal alltaf ganga út frá því að viðkomandi sé barn, þar til og ef annað kemur í ljós með heildstæðu aldursmati. Umsækjandinn skal því ávallt njóta vafans og allra þeirra réttinda sem barn á samkvæmt útlendingalögum, Barnasáttmálanum og öðrum lögum.

Barnaheill hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi og leggja ríka áherslu á að börnum sé ekki mismunað um réttindi þau sem hann tryggir börnum.